

Ed.

579. Framhalds-nefndarátt

um frumvarp til laga um friðun æðarfugla.

Frumvarp þetta er komið aftur frá háttvirtri neðri deild, en í svo breyttri mynd, að nefndinni þykir ekki geta komið til mála, að samþykkja það eins og það er. Það er nefnilega húið að fella úr því algerlega 4 greinar, og í einni þessara greina (2. gr.) voru þau ákvæði, er komu þessu frumvarpi á stað og oss þótti mestu skifta, en það eru ákvæðin um það, að enginn megi á nokkurn hátt af hendi láta æðaregg til annara utan heimilis síns.

Að vísu hafði nefnd sú, er skipuð var í málið í neðri deild, lagt það til í einu hljóði, að frumvarpið væri samþykkt nær því óbreytt. En við 2. umræðu í deildinni voru hinar nefndu greinar feldar burtu.

Nefndin litur nú svo á, að umrædd ákvæði um bann gegn því, að láta

æðaregg af hendi til annara manna, megi ekki missast úr þessu frumvarpi, og fyrir því leyfir hún sjer að taka þau upp aftur, fullviss um, að þau verði samþykkt af háttvirtri efri deild, og vonandi, að háttvirt neðri deild átti sig og samþykki þau líka.

Aftur á móti getur nefndin eftir atvikum fallið frá því, að halda fram því ákvæði, að bannað sje að hirða dauða æðarfugla, og sektir lagðar við, enda hefir það ákvæði verið óvinsælt.

Samkvæmt þessu leggur nefndin þá til, að háttvirt efri deild samþykki frumvarpið með þessum breytingum:

1. Ný grein takist upp, er verði 2. grein, svohljóðandi:

Enginn má selja eða kaupa æðaregg, nje á nokkurn hátt af hendi láta til annara utan heimilis sins, nema eggskurn til visindalegra þarfa. Ekki má heldur selja eða kaupa dauða æðarfugla, nje hluta af þeim.

Brot gegn þessu varða 5 krónu sekt, sem tvöfaldast við hverja itrekun brotsins, alt að 20 krónum.

2. Greinatalan breytist samkvæmt 1. breytingartillögu.

3. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, er verði 11. gr., svohljóðandi:

Með lögum þessnm eru úr gildi feld viðaukalög frá 22. mars 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 og öll þau ákvæði í þeirri tilskipun, er snerta friðun á æðarfugli.

Efri deild alþingis 26. ágúst 1913.

Björn Þorláksson,
formaður.

Sigurður Stefánsson,
framsögumaður.

Jósef Björnsson.